



# **RAFÍÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**

## **SKÝRSLA 2005**

**SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR UM STARFSEMINA  
STARFSÁRIÐ FRÁ APRÍL 2005 \_ APRÍL 2006.**

**Lagt fram á sambandstjórnarfundum í Stykkishólmi 27. – 28. apríl**

## Miðstjórn RSÍ kosin á 15. þingi RSÍ 2003 með áorðnum breytingum á kjörtímabilinu

### Framkvæmdastjórn:

**Formaður:** Guðmundur Gunnarsson  
**Varaformaður** Helgi Jónsson  
**Ritari:** Haukur Ágústsson  
**Gjaldkeri:** Björn Ágúst Sigurjónsson  
**Meðstj.** Grétar Guðmundsson

Aðalmenn miðstjórn	Varamenn
Andri Jóhannesson FRV	Arnar Guðlaugsson FNÍR
Anna Melsted FTR	Borgþór Hjörvarsson FÍR
Anna Nína Stefnisdóttir FÍS	Brynjar Hermannsson RFN
Einar Kristinsson FSK	Davíð E. Sigmundsson FRV
Frosti Frostason FÍR	Eyjólfur Ólafsson FRV
Georg Georgsson RFS	Guðrún S. Bergþórsdóttir FÍS
Helgi Einarsson FNÍR	Haflíði Sívertsen FTR
Jens Ragnarsson FÍR	Helgi Þorvaldsson FÍR
Ómar Baldursson FRS	Jóhann Bjarnason FRS
Stefán Sveinsson FÍR	Rúnar Bachmann FÍR
Sigurgeir Ólafsson FSS	Sighvatur D Sighvatsson FSS
Sigurður Sigurðsson FÍR	Sigurjón Ingvarsson FÍR
Þórunn S. Jónsdóttir FRV	Valtýr Guðbrandsson RFS

### Sambandstjórn

Aðalmenn	Varamenn
Anna Kr. Arnardóttir FRV	Björn Júlíusson FÍS
Arngrímur Magnússon FÍR	Björn Eysteinnsson FRV
Bjarni Harðarson FÍS	Brynjar Svansson FÍR
Einar Jón Ólafsson FRV	Guðjón Ingi Jónsson FÍR
Elmer H. Elmers FÍR	Haraldur Arnbjörnsson RFS
Haraldur Jónsson FÍR	Helgi Helgason FÍR
Ísleifur Tómasson FÍR	Hilmar Friðrik Árnason FNÍR
Júlía B. Þórðardóttir FÍR	Ingi Hauksson RFN
Snorri Jónsson FNÍR	Jón Pétursson FSK
Magni B. Sveinsson FÍR	Jónas Þ. Sigurgeirsson FÍR
Sigurður Ólafsson RFN	Bjarni Þór Ólafsson FSS
Sveinn Kjartansson FTR	Sigurður Karlsson FÍR
Viðar Már Þorsteinsson FSS	Þórður Bachmann FÍR
Þorsteinn Helgason RFS	Þorvaldur Þorvaldsson FRS
Þór Ottesen FÍR	

### Starfsnefndir miðstjórnar :

**Formaður kjörstjórnna v. stjórnarkosninga aðildarfélaga :** Stefán Ó. Guðmundsson

**Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga :** Stefán Ó. Guðmundsson, Sigurður Geirsson og Ísleifur Tómasson

**Launanefnd RSÍ :** Helgi Jónsson, Andri Jóhannesson og Björn Ágúst Sigurjónsson.

**Orlofsnefnd RSÍ :** Björn Ágúst Sigurjónsson, Sigurður Ingi Hauksson og Sigurður Lúther Björgvinsson. Varamaður: Borgþór Hjörvarsson.

**Golfnefnd :** Garðar Árnason, Guðbjörn Ólafsson, Magnús Jaroslav Magnússon og Víðir Tómasson. Með þeim starfar Stefán Ó. Guðmundsson.

**Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs :** Ísleifur Tómasson, Anna Vala Eyjólfsdóttir og Guðrún Guðmundsdóttir.

**Ákvæðisvinnunefnd rafiðna :** Tómas Bjarni Tómasson og Þorvarður Hjaltason.

**Skoðunarmenn:** Bára Halldórsdóttir, Grétar Guðmundsson. Til vara. Sigurður L. Björgvinsson

**Stjórnarnemenn Lífiðnar kosnir til tveggja ára:** Þórir Hermannsson aðalmaður og Andri Jóhannesson varamaður. Haraldur Jónsson og Sigurður Sigurðsson varamaður

## **Stjórnir aðildarféлага**

**Stjórn Félags íslenskra rafvirkja** : Björn Ágúst Sigurjónsson form., Stefán Sveinsson varaform., Sigurður Sigurðsson ritari, Jens Ragnarsson gjaldkeri. Meðstj. Ísleifur Tómasson, Helgi Þorvaldsson og Sigurjón Ingvarsson

**Stjórn Félags rafeindavirkja** : Þórunn S. Jónsdóttir formaður, Andri Jóhannesson varaform, Davíð E. Sigmundsson ritari, Haukur Ágústsson gjaldkeri, Eyjólfur Ólafsson, Björn Eysteinnsson og Örn Kristinsson meðstj. Varam. í stjórn Svanur Þorsteinsson, Bára Halldórsdóttir og Ásvaldur Kristjánsson.

**Félag íslenskra símamanna** : Grétar Guðmundsson formaður, Guðrún S. Bergþórsdóttir, Bjarni R. Harðarson, Aðalheiður Gunnarsdóttir, Birna Dögg Granz. Varamen í stjórn : Baldur Ingi Ólafsson, Anna Nína Stefnisdóttir, Hrönn Jakobsdóttir, Anna Vala Eyjólfsdóttir

**Stjórn Rafvirkjafélags Norðurlands** : Helgi Jónsson form., Brynjar Hermannsson varaform., Guðmundur Ingi Geirsson ritari, Sigurður Ólafsson gjaldk., Vigfús Ingi Hauksson meðstj. Sigurður Hjaltason og Aðalgeir Hallgrímsson varastj.

**Stjórn Félags Rafiðnaðarmanna á Suðurlandi** : Ómar Baldursson form., Jóhann Bjarnason varaform., Þorvaldur Þorvaldsson ritari, Birgir Sigurjónsson gjaldk., Óskar Ingi Böðvarsson meðstj., Steinar Guðjónsson og Helgi Guðmundsson varastj.

**Stjórn Rafiðnaðarfélag Suðurnesja** : Georg Georgsson form., Haraldur Arnbjörnsson varaform. Trausti Gíslason gjaldk. Arnar Arnoddsson ritari, Helgi Hilmarsson meðstj.

**Stjórn Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús** : Einar Ág. Kristinsson form., Heiðar Friðjónsson ritari, Þröstur Arnason gjaldk. Atli Már Sigurjónsson, Friðjón Guðmundsson meðstj.

**Stjórn Tæknifólks í rafiðnaði** : Anna Melsted form. Hafliði Sívertsen varaform., Sveinn Kjartansson, Þorsteinn Úlfar Björnsson, Ingvar Jónsson. meðstj. Gunnar Kristján Steinarsson og Sigurjón Ólason varam.

**Stjórn Félags símsmiða** : Sigurgeir Ólafsson form., Sighvatur D Sighvatsson varaform., Dagbjartur Brynjarsson ritari, Bjarni Þór Ólafsson gjaldk., Sigurður L Björgvinsson og Sigurbjörn Eiríksson meðstj.

**Stjórn Félags nema í rafiðnum** : Helgi Einarsson formaður, Hannes Páll Þórðarson varaformaður, Svanborg Hilmarisdóttir ritari, Arnar Guðlaugsson gjaldkeri, Rúnar Sigurður Sigurjónsson, Berglind Leifsdóttir, Hörður Bragason meðstjórnendur

## **Mennta- og fræðslunefndir**

**Sveinsprófsnefnd sterkstraum** : Sigurður Sigurðsson form, Einar Ragnarsson, Valdimar Gestsson,

**Sveinsprófsnefnd veikstraum** : Davíð Einar Sigmundsson, Andrés Einar Guðjónsson og Þorsteinn Jóhannsson.

**Menntasjóður rafiðnaðarsins** : Rúnar Bachmann og Örn Kristinsson. Varam. Sigurgeir Ólafsson  
**Eftirmenntunarn. veikstraumur**, Rafeindavirkjar – Símsmiðir – Tæknifólk. **Aðalmenn** : Ólafur Ragnarsson, Sigurgeir Ólafsson, Sveinn Kjartansson Vala Dröfn Hauksdóttir. Varamenn : Davíð E. Sigmundsson Viðar Már Þorkelsson, Hafliði Sívertsen og Andri Jóhannsson

**Eftirmenntunarn. sterkstraumur**, Rafvirkjar- Rafvélavirkjar – Rafveituvirkjar. Aðalmenn : Bergsveinn Kristinsson, Georg Georgsson, Guðmundur Gunnarsson og Helgi Þorvaldsson. Varamenn : Stefán Ó. Guðmundsson, Borgþór Hjörvarsson, Rúnar Bachmann og Þorvaldur Þorvaldsson.

**Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans** : Valgeir Jónasson form. Björn Ág. Sigurjónsson. Anna Melsted varam.

**Framkvæmdastjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins** : Ísleifur Tómasson og Andri Jóhannesson

**Starfsgreinaráð rafiðnaðarins**, aðalmenn : Sigurður L. Björgvinsson fagn. símsmiða, Þórunn Stefanía Jónsdóttir fagn. rafeindav., Helgi B. Þorvaldsson fagn. rafveituv. Varamenn : Borgþór Hjörvarsson fagn. rafv. og rafvélav., Anna Melsted skólan. Rafiðnaðarskólans., Guðfinnur Traustason skólan. Rafiðnaðarskólans

## **Nefndir á vegum ASÍ**

**Miðstjórn ASÍ** : Guðmundur Gunnarsson, til vara Björn Ág. Sigurjónsson

**Lífeyrisnefnd ASÍ** : Guðmundur Gunnarsson, til vara Haraldur Jónsson

**Alþjóðanefnd** : Helgi Jónsson til vara : Anna Vala Eyjólfsdóttir

**Atvinnumálanefnd** : Ísleifur Tómasson, til vara : Borgþór Hjörvarsson

**Velferðarnefnd** : Sigurgeir Ólafsson, til vara : Ómar Baldursson

**Jafnréttis og fjölskyldunefnd** : Ísleifur Tómasson, til vara : Jens Ragnarsson  
**Mennta og útbreiðslunefnd** : Guðmundur Gunnarsson tilnefndur af ASÍ sem formaður nefndarinnar, Stefán Ó Guðmundsson, til vara : Andri Jóhannesson  
**Kjara og skattanefnd** : Guðmundur Gunnarsson, til vara : Georg Georgsson  
**Skipulags og starfsháttanefnd** : Guðmundur Gunnarsson, til vara : Anna Nína Stefnisdóttir  
**Vinnuréttar og vinnumarkaðsnefnd** : Björn Ágúst Sigurjónsson, til vara : Þórunn S. Jónsdóttir  
**Vísinda og tækniráð**: Rúnar Bachmann  
**Félagsdómur** : Valgeir Jónasson til vara Bjarni Sigfússon  
**Starfsmenntaráð Félagsmálaráðuneytis** : Guðmundur Gunnarsson  
**Samstarfsnefnd Menntamálaráðuneytis um menntun í framhaldsskólanum** : Guðmundur Gunnarsson  
**Stjórn Félagsmálaskólans** : Guðmundur Gunnarsson, formaður skólalastjórnar  
**Stjórn Einarstaða** : Björn Ág Sigurjónsson.  
**Stjórn Furulundar** : Björn Ág. Sigurjónsson  
**Stjórn Ölfusborga** : Ísleifur Tómasson.

## Starfsemin

Stéttarfélög eru grunneining verkalýðshreyfingarinnar. Þau hafa sérstakt og lögverndað hlutverk í stjórnkerfi hins íslenska þjóðfélags. Hjá þeim liggur samningsréttur og þeir samningar sem þau gera verða að lögvernduðum lágmarkskjörum á vinnumarkaði. Rafiðnaðarmenn hafa borið gæfu til þess að hafa sterka forystu með mikla framsýni þegar sett var upp skipulag sambandsins við stofnun þess. Með sameiginlegum sjóðum og félagslegum rekstri frekar en að hafa samskonar fyrirkomulag og önnur sambönd íslenskra stéttarféлага að hvert aðildarfélag sé að reyna að halda úti sér félagssjóð, sér orlofssjóð, sér sjúkrasjóð og sér vinnudeilusjóð. Þetta fyrirkomulag hefur einnig skapað okkur þá sérstöðu að allt landið er eitt vinnusvæði og losað okkur algjörlega við þær deilur sem oft hafa risið hafa milli annarra verkalýðsféлага um vinnusvæði og skörun kjarasamninga. Staða sambandsins er ákaflega sterk, rekstrarleg afkoma sjóða sambandsins var liðlega 121 millj. kr. og hrein eign þeirra í árslok samtals liðlega milljarður.

### Félagsmannafjöldi

Nafn félags	2005	2004	2004	2003	2002
	Greiðandi félagsm	Greiðandi félagsm	Fjöldi félagsm allir	Fjöldi félagsm allir	Fjöldi félagsm allir
Félag nema í raf.	308	293	332	264	247
Félag símsmiða	205	209	216	214	203
Rafvirkjaf Norðurl	172	162	186	175	155
Félag ísl. rafv.	1358	1297	1496	1.552	1.416
Félag rafeindav.	783	779	839	834	757
Félag raf Suðurl	105	104	120	113	104
Rafiðnf Suðurnes	100	105	118	102	84
Félag ísl. símam.	892	747	899	1.006	721
Félag sýningarstj.	35	30	40	36	33
Fél tæknif. í raf.	449	402	464	418	360
	<b>4407</b>	<b>4128</b>	<b>4710</b>	<b>4.714</b>	<b>4.080</b>

Í dálknum allir eru einnig gjaldfrír.

**Miðstjórn** kemur saman einu sinni í mán. yfir vetrarmánuðina og hafa verið haldnir 21 fundur það sem af er kjörtímabilsins. Auk þess hefur framkvæmdastjórn haldið 10 fundi. Fundargerðir miðstjórnar eru á heimasíðunni. Á vegum miðstjórnar starfa Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs, orlofsnefnd, laganefnd og launanefnd.

**Félagsfundir.** Utan aðalfunda aðildarféлага fara flestir fundir fram á vegum RSÍ. Það gerir skipulag RSÍ, sameiginlegir kjarasamningar og sameiginlegur félagslegur rekstur. Félagsfundir eru haldnir með mismunandi löngum tímabilum. Minnkandi aðsókn á fundi er staðreynd sem öll félög horfast í

augu við. Bein samskipti félagsmanna við skrifstofuna og trúnaðarmenn eru mun meiri en áður var. Ekkert mál er nú að grípa upp GSM símann og hringja og leita upplýsinga. Heimasíðan er alltaf með allar nýjustu upplýsingar. Skrifstofan fær fleiri tugi fyrirspurna á hverri viku um tölvupóstinn.

**Skrifstofan** Starfsemi skrifstofunnar margþætt, lögð hefur verið á það áhersla undanfarin ár, að félagsmenn sjái sér hag í því að vera innan samtaka rafiðnaðarmanna frekar en litið sé á það sem skyldu. Jöfn fjölgun hefur verið á félagsmönnum undanfarin ár.

Félagsmenn hafa aðgang að lögmonnum ASÍ og RSÍ. Sambandið er með samninga við Löggarð, Láru V. Júlíusdóttir og Lagalind

**Starfsmenn RSÍ** : Guðmundur Gunnarsson form. kjarasamningar og samskipti út á við; ASÍ, nefndarstörf og norræn samskipti og umsjón skrifstofu. Ísleifur Tómasson sér samskipti við vinnustaði, vinnuverndarmál, viðhald orlofshúsa. Anna Vala Eyjólfsdóttir umsjón trúnaðarmenn, samskipti við starfsmenn símafyrirtækja, félagaskrár, kynning á sambandinu og samskipti við verknámskólana Guðrún Guðmundsdóttir gjaldkeri, styrktarsjóður umsjón orlofsleigu. Birna Birgisdóttir bókhald. Sigurður Steinarsson er í hlutastarfi og sinnir eftirliti á vinnumarkaðinum. Sæmundur Hrólfsson umsjón og eftirlit orlofshúsa, hlutastarf.

**Þór Ottesen** ákvað að segja starfi sínu lausu í marz. Þór hóf störf hjá Félagi ísl. rafv. við undirbúning á Rafvirkjatali árið 1994. Hann fór síðan til starfa hjá Ákvæðisvinnustofu rafiðna og var fyrstu árin í fullu starfi og síðan í hálfu starfi þar til árið 2004. Hann var í hálfu starfi hjá RSÍ og svo í fullu starfi frá árinu 2005. Þór hefur skilað góðu starfi fyrir samtök rafiðnaðarmanna.

Framkvæmdastjórn hefur ákveðið að ráða Björn Ágúst Sigurjónsson í starf Þórs. Björn mun koma til starfa 1. september.

**Einar Jón Ólafsson** kom að máli við framkvæmdastjórn RSÍ nú fyrir páska og sagðist í vetur hafa verið að svipast eftir öðru starfi. Því starfi sem hann hefði verið ráðinn til hjá RSÍ væri lokið og hann vildi gjarnan breyta til. Átið í sambandi við uppsagnir og sviptingar vegna kjarasamninga á vinnustöðum ættu ekki vel við sig. Nú hefði honum verið boðið gott starf hjá Heilbrigðisráðuneytinu í fjársýslu sem félli mun betur að því sem hann væri menntaður til. Framkvæmdastjórn þakkar Einari fyrir ákaflega verðmætt framlag á erfiðum tímum og vel unnin störf. Einar Jón er rafeindavirki og hagfræðingur. Hann eftir að hann lauk námi starfaði hann lengi hjá Landsbankanum. Þegar skólafárið reis upp var Einar Jón ráðinn til þess að sjá um hagsmuni eftirmenntunarnefndanna. Hann vann mjög gott starf og greiddi úr allir skuldaflækjunni og má segja að hann hafi verið í fullu starfi hjá skólakerfinu í tæp þrjú ár, þó svo hann hafi verið á launaskrá hjá RSÍ.

**Friðjón Rúnar Sigurðsson**, framkvæmdastjóri Lífiðnar sagði starfi sínu lausu hjá sjóðnum frá og með 1. október 2005 og hóf störf sem sjóðsstjóri fjárfestingarsjóðs Sjóvá. Friðjón starfaði hjá Lífiðn í 7 ár og skilaði mjög góðu búi. Lífiðn stendur tryggingarlega fremst meðal lífeyrissjóðanna.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri verðbréfafyrirtækisins Virðingar hf. var ráðinn framkvæmdastjóri Lífiðnar í stað Friðjóns.

**Oddur Sigurðsson og Anna Nína Stefnisdóttir hverfa frá formennsku.** Oddur hefur ákveðið að láta af formennsku í Félagi rafeindavirkja, hann hefur sinnt því starfi frá árinu 2001. Oddur hefur setið í stjórn félags rafeindavirkja frá árinu 1997 og var kjörin í miðstjórn RSÍ árið 1999. Við formennsku hjá rafeindavirkjum tekur Þórunn S. Jónsdóttir.

Anna Nína tók við formennsku af Einar Gústafssyni á aðalfundi árið 2003. Þessi ár hafa verið mikil umbreytingarár hjá starfsmönnum Landsímans og mikið reynt á FÍS. Við formennsku í FÍS tekur Grétar Guðmundsson. Oddur og Anna Nína hafa lagt mikið af mörkum til samtaka rafiðnaðarmanna og eiga miklar þakkir skyldar frá þeim.

**Rúnar Bachmann hættir sem gjaldkeri.** Á síðasta þingi lýsti Rúnar því yfir að hann vildi minnka við sig félagslegt umstang í frítíma sínum. Hann sagði þó að hann vildi klára þau verkefni sem risið hefðu vegna uppgjöra skólamála. Þá var samþykkt heimild þingsins til afbrigða og kosinn varagjaldkeri sem tæki við af kjörnum gjaldkera á kjörtímabilinu þegar búið væri að koma þessum deilum í höfn. Rúnar sagðist reyndar ekki vera í vafa hvernig þau mál færu, ekkert væri í þeim málum sem gæti skaðað RSÍ og reyndist hann sannspár.

Rúnar hóf afskipti af félagsmálum rafiðnaðarmanna í félagi nema og iðnnemasambandinu 1970 og var ma formaður sambandsins 1973. Hann hóf svo störf innan FÍR eftir sveinspróf og var fulltrúi félagsins í miðstjórn RSÍ frá 1976. Var í stjórn FÍR sem gjaldkeri frá 1987 til 1994 og tók við gjaldkerastarfinu af Sigurði Hallvarðssyni árið 1993. Óhætt er að segja að með störfum sínum sem gjaldkeri sambandsins hafi Rúnar átt mikinn þátt í að móta starfsemi RSÍ og aðildarfélagana. Rúnar hefur sinnt mörgum ábyrgðarstörfum fyrir samtök rafiðnaðarmanna og eins Alþýðusambandið og gerir reyndar enn.

**Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins :** Ísleifur Árni Jakobsson framkv.stj., Stefán Ó Guðmundsson. Stofan hefur samning við menntamálaráðuneytið um umsjón og endurnýjun námskráa rafiðnaðargreina. Mat á námi erlendra rafiðnaðarmanna, eins ef einstaklingar vilja hefja nám í rafiðngrein. Eftirlit með námsamningum. Umsjón prófabanka sveinsprófsnefnda og umsjón sveinsprófa. Samskipti við menntamálaráðuneyti og verkmenntaskóla. Skrifstofan starfar í nánú samstarfi við Félag kennara í rafiðngreinum.

**Styrkir RSÍ til mannúðarmála.** Á hverjum degi fá starfsmenn RSÍ fjölmargar beiðnir um að styrkja margskonar málefni og flest þeirra eru mjög þörf. Það leiddi til þess að sú ákvörðun var tekin á fyrri þingum RSÍ að veita frekar færri styrki og hafa þá myndarlega. Á þessu ári var sett 500 þúsund til styrktar starfi Rauða krossins vegna hamfaranna við Indlandshaf. Á sambandstjórnafundinum var svo ákveðið að veita 300 þús. kr. styrk til félagsins Hetjanna, sem er stuðningsfélag langveikra barna á Akureyri. Einnig var ákveðið að veita 200 þús. kr. styrk til Mæðrastyrksnefndar á Akureyri.

**Fjölskylduhátíð** Árleg fjölskylduhátíð RSÍ var að venju Jónsmessuhelgina á Skógarnesi á orlofssvæði RSÍ við Apavatn, 24 – 26. júní. Þrátt fyrir að veðurstofan spáði mikilli rigningu alla helgina mættu vel á annað hundrað manns á fjölskylduhátíðina. Það rigndi á laugardag, en var logn og hlýtt og á sunnudag var sól og blíða. FÍS sá um hátíðina að þessu sinni og fór allt fram með miklum ágætum. Margskonar leikir og keppnir með veglegum verðlaunum. Barnaskemmtun, varðeldur, grillaðar pylsur og margskonar gjöfum var úthlutað.

Í sumar verður hátíðin 23. – 25. júní. Félag íslenskra rafvirkja mun að þessu sinni sjá um hátíðina í tilefni 90 ára afmælis félagsins.

**Tölvumynddiskur.** tilefni af 35 ára afmæli Rafiðnaðarsambandsins var gerður mjög vandaður gagnvirkur tölvudiskur um störf og nám í rafiðnaðargeiranum sem sendur til allra félagsmanna auk þess í grunn- og framhaldsskólana. Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir tóku við disknum við hátíðlega athöfn ásamt nokkrum unglingum úr grunnskólanum. Allmargir gestir voru við athöfnina sem fór fram í nýjum glæsilegum sal Gullhamra í Grafarholtinu. Þar á meðal 100 trúnaðarmenn rafiðnaðarmanna, en þeir voru á leið á árlega trúnaðarmannaráðstefnu sambandsins.

Nýtt var nýjasta tækni og efnið sett á gagnvirkan mynddisk. Með disknum er reynt að vinna gegn þeirri stöðu hversu neðarlega starfsmenntun er á lista ungs fólks við val á námsbrautum. Atvinnuástand innan rafiðnaðargeirans hefur ætíð verið mjög gott. Meðaltekjur rafiðnaðarmanna eru töluvert hærri en margra háskólahópa og arðsemi náms í rafeindavirkjun er hæst af þeim námsbrautum sem framhaldsskólinn býður upp á eða 16% og rafvirkjar fylgja þar fast á eftir. Arðsemi náms verkfræðinga er hæst háskólanáms eða um 20%, hjá læknum tæplega 20% og hjá viðskipta- og hagfræðingum er arðsemin svipuð og hjá rafvirkjum.

**Spennugolf 2005** var haldið föstudaginn 12. ágúst 2005 á Kiðjabergsvelli. Til leiks mættu 61 keppandi af þeim 70 sem skráðu sig til leiks. Mótið tókst að venju mjög vel, völlurinn krefjandi en skemmtilegur. Efsti maður án forgjafar var Hörður Torfason á 83 höggum. Efsti maður með forgjöf var Einar Logi Eiðarsson á 69 höggum. Nýtniverðlaunin eftirsóttu hlaut að þessu sinni Theodór Jónsson.

Í sumar verður spennugolfið 30. júní á Kiðjabergsvelli.

**Félagsgjaldið** Þak er á félagsgjöldum og endurgreitt til félagsmanna um 7 millj. kr á síðasta ári. Endurgreiðsla getur fyrst farið fram þegar öll skil frá síðasta ári hafa borist frá fyrirtækjum og


endurskoðendur hafa lokið gerð ársreikninga. Þakið er bundið við hina opinberu launavísitölu. Í raun hefur það þýtt árlega lækkun á tekjum RSÍ, því meðallaun rafiðnaðarmanna hafa í mörg undanfarin ár, eða allt frá þeim tímapunkti að þessi ákvörðun var tekin, hækkað töluvert meira en hin almenna launavísitala. Töluverð umræða var um þetta mál á aðalfundi FÍR . 19. apríl 2006 og samþykkt samhljóða að stefna á að gera þessa breytingu.

### Þörf á umræðu um tilvist þaksins

Í þessu tilefni má minna á að það hefur margoft verið rætt hvort það sé réttlátt að vera með þak á félagsgjöldum og hvort ekki eigi að fella það niður. Sé t.d. litið til síðasta árs þá hækkaði launavísitalan um rúm 6% og þar með þak félagsgjalda RSÍ um sömu tölu. En meðallaun rafiðnaðarmanna hækkuðu á sama tíma um 12%. Þannig að þakið lækkaði í raun um 6% og endurgreiðsla til félagsmanna varð hærri, en hún hefði verið ef miðað væri við launavísitölu rafiðnaðarmanna einvörðungu. Í raun þýðir það að þeir sem eru að fá endurgreidd félagsgjöld eru að greiða lægri félagsgjöld en þeir sem hafa lægri tekjurnar. Maður sem er t.d. með 650 þús. kr. í mánaðarlaun er að greiða 0.7% félagsgjald, á meðan allir sem eru með laun undir 430 þús. kr. í mánaðarlaun eru að greiða 1.1%. Er það sú samtrygging sem við viljum, hafa margir spurt.

Það er full ástæða að taka upp umræðu um félagsgjaldið og hvort það eigi að fella niður þakið. Samfara því væri spurning hvort lækka mætti félagsgjaldið sem svarið þeirri upphæð sem hefur verið endurgreidd. Með því væri félagsgjaldið breytt úr 1.1% í 1% og þakið fellt niður.

Aðalfundur FÍR samþykkti tillögu Páls Valdimarssonar um að fella þakið niður og lækka félagsgjaldið í 1%. Aðalfundur FÍS samþykkti að félagið myndi ekki standa í vegi fyrir breytingu á félagsgjaldinu.



**Trúnaðarmannaráðstefna 2005 Selfossi.** Árleg trúnaðarmannaráðstefna RSÍ var haldin 17. - 18. nóv. á Selfossi. Á ráðstefnunna mættu um 100 trúnaðarmenn RSÍ víðsvegar af landinu. Ráðstefnan hófst með því að Rannveig Sigurðardóttir framkv.stj. Félagsmálaskólans kynnti ný námskeið fyrir trúnaðarmenn þá sérstaklega námskeið sem verið er að setja á netið og trúnaðarmenn geta stundað í fjarnámi.

Ólafur Darri Andrason fór síðan yfir niðurstöður endurskoðunarefndar ASÍ og SA. Fjórlegar umræður urðu að loknu erindi Darra og voru trúnaðarmenn sammála um að samkomulag um tekjutengingu atvinnuleysisbóta, aðkomu ríkissjóðs að örorkubótaþátt almennu lífeyrissjóðanna væru tímamót, sem launamenn hefðu beðið allengi eftir og væri mikill sigur fyrir þá að hafða náð þessi markmiði. Fram kom í umræðum að þetta gæti vart verið annað en fyrsta skref. Vitanlega ætti að jafna að fullu þann mismun sem væri á milli lífeyrissjóða á almennum markaði og hinna opinberu sjóða í aðkomu ríkissjóðs að örorkubótaþættinum. Stefna þyrfti á að hækka þak tekjutengingar atvinnuleysisbóta í 250 þús. í næsta skrefi. Ráðstefnugestir voru sammála um að ný lög um starfsmannaleigur hefðu löngu verið tímabær, sama gilti um að jafna þátttöku ríkissjóðs í

starfsmenntanami við háskólanám. Skiptar skoðanir voru um eingreiðslu SA. Það kom helst fram gagnrýni á að hún væri skilyrt við hversu lengi starfsmenn hefði verið hjá því fyrirtæki sem greiddu út greiðsluna. Þetta væri bætur sem næðu frá byrjun samningstíma og út næsta ár.

Seinni dagur hófst með því að Björn Ágúst Sigurjónsson gjaldkeri fór yfir rekstraráætlun sambandsins fyrir árið 2006. Að því loknu fór formaður ítarlega yfir reksturinn. Hann varði allnokkrum tíma í að fara yfir rekstur orlofskerfisins og lagði fram nokkrar hugmyndir, sem starfsmenn sambandsins hefðu um hvernig mætti bæta kerfið. Sérstaklega var skipt upp í vinnuhópa sem fóru yfir mismunandi málaflokka. Ráðstefnunni lauk svo með því að farið var yfir niðurstöður hópanna.

Samþykkt var að fjölga íbúðum í Reykjavík. Þær 4 íbúðir sem sambandið á nú þegar í Reykjavík eru fullbokaðar allt árið væru gífurlega mikið notaðar af utanbæjarfélögum. Einnig var ákveðið að taka á leigu íbúð í Kaupmannahöfn og setja inn í orlofskerfið í vor. Ákveðið var að færa orlofshúsaeign í Árnessýslu á orlofssvæði sambandsins í Skógarnes við Apavatn. Stefna mætti á að framkvæmdir við það hæfust seinni hluta ársins 2006.

Ákveðið var að kanna með að fækka húsum við Kirkjubæjarklaustur og í Lóninu og taka frekar á leigu hús annarsstaðar. Fram komu óskir um að húsin í Básum yrðu stækkuð. Að öðru leiti voru ráðstefnugestir sáttir við hvernig staðið væri að rekstri orlofskerfisins. Umræða voru um hvort skipuleggja ætti hópferðir félagsmanna í golfferðir snemma á vorin eða á haustin til Spánar og nýta þá þar íbúðir.

Þegar skipulag trúnaðarmannakerfisins var rætt kom ma fram að fylgjast þyrfti betur með að trúnaðarmenn væru kosnir reglulega. Sambandið sýni frumkvæði í því að gera trúnaðarmenn virkari og þrýsti á um að þær sæki námskeið. Komið verði upp innra samskiptaneti fyrir þá. Aukið verði við kynningarefni sem sent er út

Hvað varðar Styrktarsjóðinn kom fram að hann hafi verið vel rekinn og bótareglur uppfærðar í samræmi við tryggingargetu sjóðsins. Fram kom að kynna þyrfti betur bótarétt. Td væru vafalaust margir sem hefði látið gleppast á auglýsingum bankana um 80% launatryggingu gegn viðskiptum og innlögn séreignarsjóðs. Félagsmenn RSÍ væru búnir að vera með þessa tryggingu og reyndar mun víðtækari en bankarnir bjóða upp á í 10 ár, án þess að þurfa að greiða nokkuð fyrir hana.

Í umræðu um menntakerfið kom fram að auka þyrfti kynningu á fyrirlestrum, og fylgjast þyrfti með öllum möguleikum í að fjölga faglegum námskeiðum. Þar kom fram að töluvert vantaði á að hugmyndir kæmu frá mönnum um hvaða námskeið þeir ættu við þegar verið væri að tala um fjölgun námskeiða

Fram kom að trúnaðarmenn væru ákaflega sáttir við hvernig staðið væri að almennum rekstri sambandsins, en bæta mætti aðkomu og afgreiðsluna í Stórhöfðanum. Sett var fram könnun á því hvort menn vildu breyta fyrirkomulagi þessara ráðstefna og eins sambandstjórnarfunda á vorin. Fram kom að umtalsverður meirihluti vildi halda í það skipulag sem tekið hefði verið upp fyrir 2 árum að byrja seinni part fimmtudags og vera út föstudag.

**Erlendir félagsmenn í RSÍ.** Á árinu 2005 voru 101 erlendir rafiðnaðarmenn frá 24 þjóðlöndum félagsmenn í Rafiðnaðarsambandinu

Tékkóslóvakía	3	Kólumbía	4
Costa Ríka	1	Portúgal	2
Litáen	3	Búlgaría	3
Þýskaland	6	Pólland	8
Slóvakía	19	Noregur	4
Króatía	18	Danmörk	5
Júgóslavía	5	Bandaríkin	3
Bretland	5	Úkraína	2
Tékkland	2	Holland	1
Suður Afríka	1	Nýja-Sjáland	1
Rússland	2	Finnland	1
Víetnam	1	Kína	1
<b>Samtals</b>			<b>101</b>



## **Frjálst flæði launamanna 1. maí**

Afstaða rafiðnaðarmanna um stöðu launafólks frá nýjum aðildarríkjum EES hefur einkennst af því að treysta verði allt regluverk og eftirlit á vinnumarkaði og tryggja að kjör og réttindi hinna erlendu starfsmanna séu að minnsta kosti sambærileg við íslenska kjarasamninga. Undanfarin hefur verið töluverður ólestur á þessu og ekki ástæða til þess að framlengja kerfi sem ekki hefur reynst vel. Það hefur ekki tekist að koma samskonar reglum starfsemi erlendu fyrirtækja og íslenskra sem hefur skapað brenglaða samkeppnistöðu.

Með fyrirhugðum lögum stjórnvalda um frjálsta för launafólks frá nýju aðildarríkjunum er komið til móts við þessi sjónarmið okkar. Fyrirtæki þurfa að tilkynna til Vinnumálastofnunar um alla starfsmenn sem þau ráða frá nýju aðildarríkjunum og ráðningarsamning. Vinnumálastofnun er gert að halda utan um þessar tilkynningar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að beita fyrirtæki dagsektum ef þau uppfylla ekki tilkynningaskyldu sinni. Síðast en ekki síst er Vinnumálastofnuninni samkvæmt væntanlegum lögum skylt að afhenda hlutaðeigandi stéttarfélagi afrit af ráðningarsamningum. Það verður síðan stéttarfélaganna að fylgja því eftir að hinir erlendu starfsmenn njóti eðlilegra kjara og annarra réttinda eins og gildir um alla íslenska starfsmenn.

Rafiðnaðarmenn lögðu á það áherslu að erlend þjónustu- og verktakafyrirtæki verði gert skylt að veita upplýsingar um starfsemi sína og virða kjarasamninga og lög hér á landi. Það hljóti að vera stjórnvöldum mikið keppikefli að tryggja samfélagslega ábyrgð allra sem hér starfa. Það er á þessum grundvelli sem rafiðnaðarmenn fallast á fyrirhuguð lög og það er þeirra skilningur að félagsmálaráðherra framfylgi þessu í þeirri nefnd sem ákveðið hefur verið að setja á laggirnar og á að fjalla um stöðu og réttindi erlends launafólks á vinnumarkaði.

**Hátíðarhöldin í Reykjavík 1. maí.** Fyrir rúmu ári síðan lögðu rafiðnaðarmenn til að hátíðarhöldum í Reykjavík yrði breytt og sameinuð meir en nú væri. Mörg félög væru með sér uppákomur þetta mætti sameina í myndarlegum hátíðarhöldum td í Laugardal. Viðbrögð miðstjórnar ASÍ og 1. maí nefndar verkalýðsfélaganna voru jákvæði og samþykkt á fundum 1. maí nefndar verkalýðsfélaganna í Reykjavík, BSRB, KÍ, BHM og INSÍ haldnir 10. og 16. mars s.l. var ályktun miðstjórnar RSÍ tekin til skoðunar og rædd. Nefndarmenn voru tilbúnir að skoða breytingar á hátíðarhöldunum með jákvæðu hugarfari. Ákveðið var að fyrir fundinn 16. mars að kannað verði hvort Laugardalshöllin sé laus, en í ljós kom að vegna breytinga væri ekki möguleiki að nota Laugardalshöllina fyrir hátíðarhöld 1.maí í Reykjavík og ákveðið að halda daginn með óbreyttu sniði. En jafnframt var ákveðið undirbúa hátíðar- og baráttudag launafólks fyrir árið 2006 í Reykjavík með það í huga að gera breytingar á hátíðarhöldunum í takt við ályktun RSÍ. Ekki síst í ljósi þess að ári er Laugardalshöllin stærri og möguleiki að hún geti rúmað fleira fólk og breytingar á henni yfirstaðnar. Þegar til átti að taka virtist ekki hafa verið neinn hugur sem fylgdu þessum samþykktum og ákveðið að breyta hátíðarhöldunum ekkert. Á það var bent af hálfu rafiðnaðarmanna að óvönduð vinnubrögð með þessum hætti gætu ekki leitt til annars en enn meiri sundrunar.

## **Kjaramál**

### **Meðallaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf kr. 391.607**

Í launakönnun RSÍ sem nær til 1. nóvember 2005 voru meðalheildarmánaðarlaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf kr. 391.607. Laun þessa hóps hefur hækkað um 9.4% frá nóvember 2004. Á þessu tímabili hefur meðalvinnuvikan lengst, ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um hversu mikið, en eftir því sem næst verður komist um 1,5 klst. og er 46,5 klst.

Meðallaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf í síðustu könnun voru kr. 360.000 og meðalvinnuvika er 46 klst. Regluleg laun rafiðnaðarmanna með sveinspróf (föst laun - daglaun með föstum greiðslum) voru þá kr. 275.00.

### **Launabreytingar um áramótin**

Lágmarksl. tæknimanna fara úr kr. 119.714 í kr. 125.775.

Lágmarksl. rafiðnaðarm. m. sveinspr. fara úr flokk 12 í flokk 13 - kr. 165.028.

Lágmarksl. rafiðnaðarm. m. 1. árs sveinspr. verður flokkur 14 - kr. 169.154

Lágmarksl. rafiðnaðarm. m. 3. árs sveinspr. verður flokkur 15 - kr. 173.384

Lágmarksl. rafiðnaðarm. m. 5. árs sveinspr. og meistaraþr. verður flokkur 19 - kr. 191.384

Lágmarksl. rafiðnaðarm. m. 3. árs sveinspr. við störf í virkjana- og stórframkv. verður kr. 204.737  
Orlofsuppbót árið 2006 verður kr. 22.400. í sumum kjarasamningum RSÍ er hún hærri  
Desemberuppbót árið 2006 verður kr. 40.700 í sumum kjarasamningum RSÍ er hún hærri.

Ákvæðisvinnueiningin verður kr. 344.36

**Rafkonur draga á karlana.** Atvinnuástand innan rafiðnaðargeirans hefur ætíð verið mjög gott og atvinnuleysi ekki farið upp fyrir 2,5% síðan 1996. Undanfarið ár hefur það verið vel innan við 1% og er 0.2% í dag. Er það vafalaust tvennt sem ræður þar mestu, ör tækniþróun og mikil og stöðug símenntun rafiðnaðarmanna sem hefur stækkað atvinnusvið þeirra verulega. Konur hafa ætíð verið fámennar í röðum rafiðnaðarmanna og hefur það verið mörgum umhugsunarefni hvers vegna svo sé. Störf í rafiðnaði henta konum alls ekki síður en körlum. Í dag eru 45 konur í RSÍ sem hafa lokið sveinsprófum í rafiðnaðargreinum. Alls eru 585 konur í RSÍ. Í dag eru á rafiðnaðarbrautum verknámskólanna 20 konur.

Launaþróun í rafiðnaðargeiranum hefur verið jöfn og stígandi og hefur kaupmáttur vaxið að jafnaði um 3.5 - 5% á ári. Rafiðnaðarmenn hafa lagt sérstaka áherslu á hækkun daglauna og styttingu vinnutíma og hefur orðið verulega ágengt. Frá árinu 1990 hefur meðalvinnuvika rafiðnaðarmanna fallið úr 57 tímum niður í 45 tíma á viku, eða um 26%.

Frá árinu 1990 hafa meðalheildarlaun rafiðnaðarmanna hækkað um 148% reiknað á núgildandi verðlagi, og eru í dag um 350 þúsund, þrátt fyrir að vinnutími hafi styst um 26% á sama tímabili. Á þessu tímabili hafa umsamar launahækkanir að meðtöldum öðrum umsömdum hækkunum verið liðlega 80% og hefur því launaskrið umfram umsamar launahækkanir numið 65% og í raun töluvert meira sé tekið tillit til vinnutímastyttingar hjá rafiðnaðarmönnum.

Árið 1990 voru meðalmánaðarlaun rafiðnaðarkvenna tæp 100 þúsund, sem nam tæpum 70% af meðalheildarlaunum rafiðnaðarmanna. Í dag eru meðallaun rafiðnaðarkvenna 305 þúsund kr. á mánuði og eru því 87% af meðallaunum rafiðnaðarmanna. Meðallaun rafiðnaðarkvenna hafa því hækkað frá árinu 1990 þriðjungu meir en hjá körlum í stéttinni. Þarna gæti spilað inn að konur hafi sínum tíma ekki unnið jafnmikla yfirvinnu og rafiðnaðarkarlarnir, en eins og komið hefur fram þá hefur sókn í yfirvinnu minnkað mikið.

**Framtak Rafiðnaðarsambandsins verði öðrum hvatning.** Á fundi jafnréttis- og fjölskyldunefndar þann 30. nóvember s.l. var til umræðu auglýsingaherferð Rafiðnaðarsambandsins í dagblöðum þar sem konur eru hvattar til að kynna sér atvinnumöguleika í rafiðnaði.

Nefndin var sammála að framtak Rafiðnaðarsambandsins væri til fyrirmyndar og lýsir yfir ánægju sinni með að konur séu sérstaklega hvattar til atvinnuþátttöku í starfsgreinum sem fram til þessa bera einkenni hefðbundinna karlastarfa.

Jafnréttis - og fjölskyldunefnd ASÍ óskar Rafiðnaðarsambandinu til hamingju með auglýsingaherferðina sem er vonandi hvatning til annarra stéttarféлага að gera slíkt hið sama.

**Samiðn, Starfsgreinasambandið og RSÍ undirrita samning um samstarf við launamenn í Eystrasaltslöndunum.**

Í dag var undirritaður samningur um að Rafiðnaðarsambandið, Samiðn og Starfsgreinasambandið um undirbúning samstarfs um hvernig sé hægt að styðja sem best við bakið á verkalýðshreyfingunni í Eystrasaltslöndunum. Þetta skiptir íslenska launamenn miklu máli því íslensk fyrirtæki hafa lokað verksmiðjum og vinnustöðum hér og flutt fjölmörg störf úr landi. Hjálaga er skýrsla sem skrifuð var eftir ráðstefnu norrænu rafiðnaðarsambandanna um sama málefni og var birt hér á heimasíðunni

**Samkomulag ASÍ og SA 15. nóvember.** Samkomulag á milli Alþýðusambands Íslands f.h. aðildarsamtaka sinna og Samtaka atvinnulífsins vegna mats á launalið kjarasamninga frá vorinu 2004, eins og kveðið er á um í samningunum byggir á samráði ASÍ, SA og ríkisstjórnarinnar síðustu

daga og vikur. Því fylgir yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til þess að treysta stöðuna á vinnumarkaði.

Það er mat Alþýðusambandsins, að auk þess að ná fram leiðréttingum vegna skerðinga sem hafa komið til vegna meiri verðbólgu en samningarnir gerðu ráð fyrir, þá feli yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í sér mikilvæg atriði sem treysta stöðu launafólks á vinnumarkaði. Þar er að finna ýmis atriði sem hafa lengi verið baráttumál samtaka launafólks og fela í sér kjara- og réttarbætur sem hefðu ekki náð fram að ganga nema vegna þéttar samstöðu aðildarfélaganna Alþýðusambandsins.

**Samkomulagið við SA felst í eftirfarandi atriðum:** Laun félaga í aðildarfélögum Alþýðusambandsins sem eiga aðild að kjarasamningunum við SA hækka um 0,65% í janúar 2007 til viðbótar við þá hækkun sem kveður á um í einstökum samningum. Jafnframt fá allir sem hafa verið í fullu starfi hjá viðkomandi fyrirtæki 26.000 króna eingreiðslu í desember næstkomandi. Þessu til viðbótar hækkar lágmarkstekjutrygging fyrir fulla dagvinnu í 108.000 kr. um næstu áramót og í 110.000 kr. 1. janúar 2007.

**Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar felur í sér fjögur meginatriði.** Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórnin fallist á að stíga mikilvæg skref í að axla ábyrgð vegna vaxandi örorkubyrði í lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ og SA. Þar með er geta sjóðanna til að standa við lífeyrisskuldbindingar aukin og mikilvæg skref stigin til að jafna lífeyrissréttindi í landinu.

Í öðru lagi hefur ríkisstjórnin fallist á kröfu ASÍ um hækkun atvinnuleysisbóta og tekjutengingu þeirra. Grunnbætur hækka í 96 þúsund krónur á næsta ári (eru nú 91.426 kr). Atvinnuleysisbætur verða 70% af heildartekjum, með þaki við 180.000 krónur á mánuði. Bæturnar verða tekjutengdar í allt að þrjá mánuði eftir 10 daga á grunnbótum.

Í þriðja lagi verða sett lög um starfsmannaleigur. Í frumvarpi sem var lagt fram í ríkisstjórn í dag, er fallist á öll meginatriðin ASÍ, að undanskilinni kröfu um ábyrgð þeirra fyrirtækja sem nýta sér þjónustu starfsmannaleiga.

Í fjórða lagi hefur ríkisstjórnin fallist á að setja 100 milljónir króna til viðbótar í að efla fullorðinsfræðslu og styrkja möguleika fólks á vinnumarkaði til að auka við menntun sína og fá hana viðurkennda

## Orlofskerfi RSÍ

RSÍ á og rekur 40 orlofshús á 14 stöðum hér á landi. Heitir pottar eru við 17 þeirra. RSÍ á einnig 2 orlofsíbúðir í Torrevejja á Spáni. Sambandið á 11 tjaldvagna og auk þess eru 2 fellihýsi staðsett í Básam í Þórsmörk. Á síðasta ári var fellihýsunum skipt út með mjög vönduðum A vögnum með hörðum hliðum. Auk þess voru 4 tjaldvagnar endurnýjaðir. Eins og venjulega er ætíð endurnýjað eitthvað af húsgögnum og unnið að viðhaldi húsanna. Sambandið hefur undanfarin ár verið með á leigu 2 hús í Vestmannaeyjum sem hafa verið vinsæl meðal félagsmanna. Í sumar verður sambandið með eitt hús. Það er gert vegna gífurlegrar hækkunar á leigugjaldi. Einnig hefur verið skipt við Einingu á Akureyri á öðru húsa RSÍ í Lóninu við hús á Illugastöðum. Vikuleiga er að meðaltali niðurgreidd um 17 þús. kr. til félagsmanna. RSÍ er auk þess með samninga við nokkur hótél hér landi um lægra verð fyrir félagsmenn. Frá 1. apríl verður boðið upp á íbúð í Kaupmannahöfn. Hún er ákaflega vel staðsett rétt við Strikið. Þessi ráðstöfun hefur greinilega verið vinsæl því á nokkrum dögum var búið að leigja íbúðina út fram á næsta haust. Í marz var fest kaup í 5. íbúðinni í Ljósheimum. Það er íbúð af stærri gerðinni og er hún á 8. hæð. Íbúðin þarfnast mikillar endurnýjunar og verður væntanlega komin í gagnid í sumar.

**Íbúð í Kaupmannahöfn** Undanfarin ár hafa margir félagsmenn í vaxandi mæli sent fyrirspurn til skrifstofunnar um hvort ekki mætti bæta við íbúð í Kaupmannahöfn við orlofskerfið. Miðstjórn ásamt trúnaðarráðstefnunni í haust samþykktu að þetta yrði gert og starfsmönnum var falið að finna íbúð. Samningar tókust um leigu á íbúð sem kom inn í kerfið í síðustu vikuna í marz. Um er að ræða 120 ferm íbúð sem er rétt við Grábræðratorg, sem er örstutt frá Strikinu. Tvö herbergi eru í íbúðinni og svefnaðstaða fyrir 6 manns. Rúmgótt eldhús og stór stofa.

	fjöldi húsa	Leiga sem hlutfall af					2004	Meðaltal 1999-2004
		Heildar-tekjur 2005	Heildar-gjöld 2005	Tekjur pr.hús 2005	Gjöld pr.hús 2005	rekstrar-kostnaði 2005		
Reykjavík	4	2.578.000	2.689.355	644.500	672.339	95,9%	48,8%	90,2%
Skorradalur	2	428.900	741.293	214.450	370.646	57,9%	73,7%	65,8%
Svignaskarð	2	1.063.450	2.443.930	531.725	1.221.965	43,5%	47,9%	52,2%
Vatnsfjörður	1	183.900	487.920	183.900	487.920	37,7%	28,9%	27,0%
Varmahlíð	1	772.000	412.668	772.000	412.668	187,1%	141,9%	128,1%
Akureyri	3	1.891.600	1.408.661	630.533	469.554	134,3%	120,2%	104,8%
Vaglaskógur	1	155.000	412.492	155.000	412.492	37,6%	45,3%	45,0%
Einarsstaðir	3	640.000	1.142.838	213.333	380.946	56,0%	47,4%	35,7%
Klifabotn	2	368.550	430.235	184.275	215.117	85,7%	58,6%	43,6%
Klaustur	2	592.590	687.008	296.295	343.504	86,3%	60,6%	76,8%
Klaustur lítil - hús	3	359.800	567.637	119.933	189.212	63,4%	74,7%	67,6%
Brekkuskógur	4	1.943.600	3.152.473	485.900	788.118	61,7%	57,2%	70,6%
Apavatn	5	1.741.100	4.197.170	348.220	839.434	41,5%	51,2%	56,0%
Apavatn aðalh.	1	1.345.000	1.199.671	1.345.000	1.199.671	112,1%	88,9%	136,9%
Vestmannaeyjar	1	360.000	1.327.405	360.000	1.327.405	27,1%	33,8%	20,3%
Hraunborgir	1	468.800	1.017.737	468.800	1.017.737	46,1%	58,6%	68,7%
Snæfoksstaðir	1	340.800	890.473	340.800	890.473	38,3%	71,9%	90,9%
Ölfusborgir	3	1.552.500	2.685.636	517.500	895.212	57,8%	60,0%	49,6%
Tjaldvagn/fellihýsi	11	805.200	1.528.805	73.200	138.982	52,7%	109,2%	73,4%
Spánn	2	1.267.000	438.022	633.500	219.011	289,3%	165,1%	108,3%
Tjaldstaði Apavatni	1	1.159.217	1.138.407	1.159.217	1.138.407	101,8%	142,4%	142,4%
<b>Meðaltal</b>	<b>54</b>	<b>20.017.007</b>	<b>28.999.838</b>	<b>370.685</b>	<b>537.034</b>	<b>69,0%</b>	<b>66,1%</b>	<b>63,4%</b>

Ath. Húsið að Snæfoksstöðum var selt haustið 2005.

Þessi tafla sýnir rekstrarárangur orlofseigna mældan í leigutekjum á móti rekstrargjöldum, samanburð við árið 2003 og meðalárangur árana 1996 til 2003

**Skógarnes við Apavatn** Við Apavatn á RSÍ 25 hektara orlofssvæði. Þar eru rafiðnaðarmenn búnir að setja niður fleiri þúsund tré og svæðið nefnt Skógarnes. Göngustígar eru með vatninu og er gestum heimil veiði þar. 9 holu þúttvöllur, knattspyrnuvöllur og þrjú stór vel búinn leiksvæði. Á síðasta sumri var rutt fyrir 9 holu þar 3 velli. Á svæðinu er rúmgott tjaldsvæði með góðri aðstöðu. Tjaldsvæðið var tvöfaldað í fyrra og einnig var rudd mjög falleg leið í gegnum skóginn og settar nokkrar litlar flatir sem eru hugsaðar fyrir 2 – 5 fellihús, fyrir hópa sem vilja vera út af fyrir sig. Íslendingar hafa uppgötvað að fellihýsin gefa þeim mikla möguleika til útivistar. Kröfur um vel búin tjaldsvæði hafa því vaxið mikið undanfarin ár. Einnig hefur á undanförunum vetrum verið lögð vinna í að leggja göngustíga um svæðið og er vegakerfið á Skógarnesinu nú orðið um 8 km. Í Miðdal við Laugarvatn á RSÍ og rekur í samfélagi við önnur stéttarfélag 9 holu golfvöll. Félagsmenn fá kort að golfvöllinum gegn vægu gjaldi og sama á við um orlofshús sambandsins í nágrenni við völinn.

**Ákveðið að hefja enn frekari uppbyggingu á Apavatni.** Undanfarnir misseri hefur það verið rætt í vaxandi mæli á fundum rafiðnaðarmanna að það væri mun hagkvæmara að flytja alla orlofsstarfsemi sambandsins í Árnessýslu að Skógarnesi við Apavatn. RSÍ ætti landið, en væri annarstaðar að greiða dýra lóðarleigu. Þar væri búið að byggja upp góð leiksvæði og það myndu sparast umtalsverðar upphæðir í rekstri. Í skipulagi Skógarnessins er gert ráð fyrir 10 nýjum húsum. Búið er að selja orlofshús sambandsins við Snæfoksstaði og verið að ganga frá sölu hússins í Hraunborgum. Á miðstjórnarfundum RSÍ þ. 17. feb. var ákveðið að setja húsin að Hraunborgum og í Brekku á sölu og hefja undirbúning að uppbyggingu nýrra húsa á Skógarnesinu. Nýju húsin eiga að

vera mjög vel búin amk 60 – 65 ferm. hús með 3 svefnherbergjum, rúmgóðri verönd og heitum potti. Stefnt skal að því að ljúka byggingu 3ja húsa á næsta vetri.

**Ný hús í Þórsmörk.** Í vor var skipt úr fellihýsunum yfir í vönduð A-hús í Básunum. Þau eru með hörðum hliðum og verja sig mun betur en fellihýsin. Þessi staðsetning húsa hefur reynst ákaflega vinsæl meðal félagsmanna. Húsin eru á svæði Útivistar í Básun Þórsmörk. Innifalið í leigu er aðgangur að allri dagskrá Útivistar.

**Vaglaskógurinn.** Á fundi miðstjórnar í haust var ákveðið að verja allnokkrum fjármunum til þess að gera átak í að laga húsið í Vaglaskógi. Það hús er mjög gamalt og hefur sérstakan svip. Húsið er ákaflega vel staðsett í miðjum skóginum og vinsælt. Ákveðið var að skipta um alla innréttingar í stofu og svefnherbergjum og taka eftir hæðina í gegn.

**5. íbúðin í Ljósheimum keypt.** Í framhaldi af samþykktum trúnaðarmannaráðstefnu hafa starfsmenn fylgst með hreyfingum á íbúðum í hinu vinsæla húsi í Ljósheimunum og ein af stærri gerðinni á 8. hæð losnaði í marz og var gert tilboð í hana. Samningar náðust og var íbúðin keypt á 17.9 millj. kr. hún þarfnast verulegrar endurnýjunar, enda er söluverð á sambærilegum íbúðum í dag um 26 – 27 millj. kr. Íbúðin var lánuð vegna gerðar kvikmyndarinnar Mýrinnar og verður þar íbúð Erlendar lögreglumanns. Nú eru hafin vinna við að fjarlægja gamlar innréttingar og er áætlað að íbúðin verði tekin í notkun um mitt sumar. Í vetur var elsta íbúð RSÍ í húsinu tekin í gegn og innréttingar endurnýjaðar.

	Viðmiðun			Viðmiðun			
	Dagar	Leigt	Hlutfall	Dagar	Leiga	Hlutfall	Röð
	2004	2004	2004	2005	2005	2005	2005
Reykjavík íbúðir	1460	1287	88,15%	1460	1317	90,21%	1
Skorradalur	730	287	39,32%	730	219	30,00%	14
Svignaskarð	730	521	71,37%	730	475	65,07%	6
Vatnsfjörður	365	97	26,58%	365	91	24,93%	15
Varmahlíð	365	249	68,22%	365	258	70,68%	3
Akureyri íbúðir	1095	936	85,48%	1095	837	76,44%	2
Vaglaskógur	365	79	21,64%	365	71	19,45%	19
Einarsstaðir	1095	307	28,04%	1095	267	24,38%	16
Klifabotn	730	136	18,63%	730	148	20,27%	17
Klaustur	730	292	40,00%	730	307	42,05%	12
Klaustur lítil hús	1095	309	28,22%	1095	375	34,25%	13
Brekkuskógur	1460	976	66,85%	1460	879	60,21%	8
Apavatn	1460	860	58,90%	1460	837	57,33%	10
Apavatn stórt hús	365	206	56,44%	365	228	62,47%	7
Vestmannaeyjar	730	170	23,29%	730	144	19,73%	18
Hraunborgir	365	219	60,00%	365	211	57,81%	9
Snæfoksstaðir	365	267	73,15%	245	162	66,12%	5
Ölfusborgir	1095	692	63,20%	1095	734	67,03%	4
Spánn	730	336	46,03%	730	394	53,97%	11
Tjaldv og fellih	4015	641	15,97%	4015	625	15,57%	
	<b>19345</b>	<b>8867</b>	<b>45,84%</b>	<b>19225</b>	<b>8579</b>	<b>44,62%</b>	

Þessi tafla sýnir fjölda gistidaga hvessar orlofseignar eða svæðis og hlutfall nýtingar í fjórum flokkum A til D.

## Menntamál

	Grunnd rafiðna	Framh. Nám					Alls í	Alls í	Alls
		Rafv	Raf veituv	Raf vélav	Raf eindav	Sím smíði	Rafiðn	Iðnná mi	
<b>Iðnskólinn í Rvík</b>	69	54	0	0	68	0	191	811	24%
<b>Fjölbraut Breiðh</b>	36	169	0	0	0	0	205	738	28%
<b>Iðnsk í Hafnarf</b>	40	40	0	0	0	0	80	216	37%
<b>Fjölbraut Suðurn</b>	13	25	0	0	0	0	38	128	30%
<b>Fjölbraut Akran</b>	9	23	0	0	1	0	33	106	31%
<b>Menntask Ísaf</b>	7	0	0	0	0	0	7	38	18%
<b>Fjölbr Sauðárkr</b>	11	0	0	0	0	0	11	72	15%
<b>Verkmsk á Ak</b>	37	20	0	0	0	0	57	293	19%
<b>Verkmsk Austurl</b>	0	0	0	0	0	0	0	0	0%
<b>Framhsk í Vestm</b>	4	0	0	0	0	0	4	10	40%
<b>Fjölbraut Suðurl</b>	13	0	0	0	0	0	13	100	13%
<b>Samtals</b>	<b>239</b>	<b>331</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>69</b>	<b>0</b>	<b>639</b>	<b>2512</b>	<b>25%</b>

**Árlegur dagur iðn- og starfsmenntunar.** Íslandsmóti iðnnema í rafvirkjun, trésmíði, dúklagningu, málun og málmsmíði var haldin á síðasta 1. apríl 2005 í Kringlunni á göngunum þar. Auk þess var verkmenntaskólum boðið upp á að vera með kynningarbása á svæðinu. Valgerður Sverrisdóttur iðnaðarráðherra afhenti verðlaun. RSÍ er styrktaraðili að þessum degi og veitti rafvirkjanemum verðlaun.

### Rafiðnaðarskólinn.

Á síðasta ári var starfsemin með í föstum skorðum. Fastir starfsmenn eru 8, auk þess sem yfir 20 stundakennarar koma að kennslu einstakra námskeiða, sumir á hverri önn aðrir sjaldnar. Á námskrá skólans eru um 60 mismunandi fagnámskeið. Meistaránám rafvirkja og rafeindavirkja fer fram í skólanum og er aðsókn rafvirkja góð en rafeindavirkjar eru fáir og gæti ástæðan verið sú að þeir sjái ekki nægan ávinning í meistararéttindum. Ný og endurnýjuð námskeið fóru í gang á síðasta ári og önnur eru í undirbúningi.

### Ástundun í Rafiðnaðarskólanum

Félag nafn	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Samtals
Ekki félagi innan RSÍ	1428	1398	870	333	223	163	81	4496
Félag íslenskra rafvirkja	414	410	381	332	278	324	89	2228
Félag íslenskra símamanna	45	58	18	4	3			128
Félag nema í rafiðnum	33	62	31	7	7	16	12	168
Félag rafeindavirkja	251	238	142	157	143	78	24	1033
Félag rafiðnaðarmanna Suðurl	25	30	91	31	39	43	1	260
Félag símsmiða	152	54	27	31	64	16	3	347
Félag sýningarmanna v/kvikmhús		1		1				2
Félag tæknifólks í rafiðnaði	86	79	59	29	13	28	2	296
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	28	38	50	49	41	44	4	254
Rafvirkjafélag Norðurlands	21	38	59	48	41	23	12	242
<b>Samtals</b>	<b>2483</b>	<b>2406</b>	<b>1728</b>	<b>1022</b>	<b>852</b>	<b>735</b>	<b>228</b>	<b>9454</b>

**Hlutfall kennslustunda sé litið þátttakenda sem njóta niðurgreiðslu úr eftirmenntunarsjóðum**

Félag nafn	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Samtals
Ekki innan RSÍ	98.970	70.939	25.600	9.470	6.146	4.780	2.115	218.020
Fél ís rafv	17.965	14.624	12.638	11.690	9.912	11.700	3.410	81.939
Fél ís símam	3.700	2.315	540	70	120			6.745
Fél nema	4.870	2.200	600	224	250	565	480	9.189
Fél rafeindav	17.835	8.895	5.130	5.064	3.980	2.850	960	44.714
Fél rafm Suðurl	920	1.600	2.164	990	1.395	1.420	40	8.529
Fél símsmiða	5.995	2.090	1.007	1.365	2.455	640	120	13.672
Fél sýnmstjóra		20		120				140
Fél tæknif í raf	8.474	3.475	3.330	900	307	1.075	80	17.641
Raffélag Suðurn	765	1.440	1.716	1.900	1.482	1.700	160	9.163
Rafvf Norðurl	755	1.199	1.572	1.847	1.447	785	480	8.085
<b>Samtals</b>	<b>160.269</b>	<b>108.797</b>	<b>54.297</b>	<b>33.640</b>	<b>27.494</b>	<b>25.515</b>	<b>7.845</b>	<b>417.857</b>

**Kennslustundafjöldi eftir félögum**

Rafvirkjar	92.106	56 %
Rafeindavirkjar	42.129	26 %
Símsmiðir	13.312	8 %
Tæknifólk	16.906	10 %

**Skólamálin.** Nú er loks að ljúka öllum málum sem risu vegna skólanna í Faxafeninu og uppgjóri fyrrv. skólastjóra. Skólastjórinn var dæmdur til þess að endurgreiða eftirmenntunarnefnd rafeindavirkja tæplega 32 millj. kr, sem hann hafði dregið sér af eftirmenntunarsjóðsgjaldi, auk 1.2 millj. kr. í dráttarvexti. Einnig var hann dæmdur til endurgreiða eignarhaldsfélagi Faxafensins, RTV. kr. 800 þús. sem hann hafði dregið sér, auk 280 þús. í dráttarvexti. Hann var auk þess dæmdur til þess að greiða Rafiðnaðarskólanum kr. 1.8 millj. kr. í oftekin laun. Saksóknari ákærði skólastjórann fyrir skjalafals og stórfelld fjársvik og var hann dæmdur í 2ja ára fangelsi. Skólastjórinn var einnig dæmdur í 3ja mán. fanglesi vegna skjalafals þar sem hann hafði breytt fylgiskjali úr 150 þús. kr. í 450 þús. kr. og fengið greiðslur út á þau hjá Rafiðnaðarskólanum. Lögreglan var send af sýslumanni til að sækja víxil sem Rafiðnaðarskólinn átti. Skólastjórinn hafði viðhaft ólöglega handhöfn á víxlinum og reynt að nýta sér hann til þess að greiða upp skuld sína við eftirmenntunarnefnd rafeindavirkja.

Smiðsbúð seldi eignarhaldsfélaginu eitt bil í Faxafeninu. RTV var lýst gjaldþrota. Smiðsbúð stefndi þá eftirmenntunarnefndum rafiðna og rafeindavirkja til þess að greiða eftirstandandi skuld vegna sölu á hluta fasteignarinnar. Það var gert á grundvelli ljósrits sem skólastjórinn hafði látið Smiðsbúð fá þar sem hann taldi að fram kæmi að eftirmenntunarnefndirnar bæru ábyrgð á öllum sínum ákvörðunum í fjármálum. Eftirmenntunarnefndirnar voru sýknaðar af öllum kröfum.

SPRON stefndi Margmiðlunarskólanum vegna 30 millj. kr. yfirdráttar sem skólastjórinn fyrrv. stofnaði til, án vitundar eða samþykkis stjórnar skólans. Margmiðlunarskólinn var sýknaður af öllum kröfum.

Eftir stendur uppgjör Prenttæknistofnunar og Rafiðnaðarskólans vegna Margmiðlunarskólans. Álit endurskoðenda rafiðnaðarmanna er að Rafiðnaðarskólinn eigi um 22 millj. kr. inni í því uppgjóri.

Yfir stendur uppgjör á þrotabúi skólastjórans, reiknað er með að Menntasjóður fái um 10 millj. kr. úr þrotabúinu.

## Styrktarsjóðurinn

### Styrktarsjóður RSÍ

Styrkir	2002	2003	2004	2005
Sjúkrabætur	43.542.730	44.552.481	35.343.252	41.414.703
Dánarbætur og jarðarfarir	4.951.600	4.193.482	6.014.503	3.423.669
Sjúkran. og sjúkraþjálfun	2.159.100	2.493.000	2.667.510	3.655.380
Sjúkrahúsaðgerðir	1.534.670	2.283.037	1.613.938	4.450.369
Ferðastyrkir	929.369	504.000	402.330	367.000
Líkamsr. og forvarnarstarf	6.554.225	6.851.890	8.174.320	9.799.836
Gleraugnastyrkir	0	0	0	3.579.402
Aðrir styrkir	2.515.503	5.545.096	3.380.872	4.012.440
<b>Samtals</b>	<b>62.187.197</b>	<b>66.422.986</b>	<b>57.596.725</b>	<b>70.702.799</b>

Styrktarsjóður rafiðnaðarmanna er einn af virkustu sjúkrasjóðunum innan verkalýðshreyfingarinnar og reglugerð sjóðsins veitir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra eitt langöruggasta umhverfi sem þekktist í íslenski verkalýðshreyfingu. Styrktarsjóðurinn greiðir félagsmönnum bætur og styrki vegna veikinda og slysa, eftir að greiðslum frá atvinnurekenda lýkur. Þá greiðir sjóðurinn einnig útfararkostnað, dánarbætur og styrkir sjóðsfélaga sem þurfa að fara sjálfir eða með einhvern úr fjölskyldu sinni til lækninga fjarri heimilum til Reykjavíkur eða erlendis. Einnig tekur sjóðurinn þátt í greiðslum vegna sjúkranuðs og sjúkraþjálfunar.

### Greiðslur sjúkrasjóðs janúar - mars - Samanburður milli ára

	Tegund styrkja	2005		2006		Mismunur		
		Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	%	Fjöldi
AS	Aðrir styrkir	320.000	3	250.000	1	-70.000	-21,9%	-2
AS2	Aðrir styrkir	0	0	390.720	1	390.720	100,0%	1
DB	Útfararstyrkir	308.669	1	2.254.000	7	1.945.331	630,2%	6
FS	Ferðastyrkir	26.000	2	60.000	2	34.000	130,8%	0
GE	Gleraugnastyrkir	0	0	2.239.068	79	2.239.068	100,0%	79
GL	Glasa/tæknifrjógvun	321.340	6	181.603	4	-139.737	-43,5%	-2
HV	Hjartavernd	83.980	9	30.140	4	-53.840	-64,1%	-5
KS	Krabameinsskoðanir	7.800	3	0	0	-7.800	-100,0%	-3
LR	Líkamsræktarstyrkir	2.493.180	259	3.547.006	272	1.053.826	42,3%	13
LY	Lyfjakostnaður	12.690	1	0	0	-12.690	-100,0%	-1
LÆ	Lækniskostnaður	456.119	9	583.344	12	127.225	27,9%	3
NU	Sjúkraþjálfun og nudd	467.100	49	1.108.140	72	641.040	137,2%	23
SD8	Sjúkradagpen 80%	9.830.917	26	13.542.345	29	3.711.428	37,8%	3
SDL	Sjúkradagpen -lág	579.367	3	0	0	-579.367	-100,0%	-3
	<b>Samtals styrkir</b>	<b>14.907.162</b>		<b>24.186.366</b>		<b>9.279.204</b>	<b>62,2%</b>	

Ath. Gleraugnastyrkir voru ekki greiddir út fyrstu 3 mán. 2005

Heildartala gr.styrka árið 2005 (bókaðir í Jóakim, styrktarsj.kerfið) voru kr. 69.691.803 eða að meðaltali kr. 17.422.950 pr. ársfjórðung



**Breytingar á starfsreglum Styrktarsjóðs.** Á sambandstjórnarfundum RSÍ 14. - 15. ap. var 3ju grein starfsreglna Styrktarsjóðs breytt þannig árlegur íþróttastyrkur er hækkaður úr 10.000 kr. í 15.000 kr. sama gildir um árlegan námskeiðsstyrk. Sett er inn heimild til þess að styrkja gleraugnakaup um allt að 30.000 kr. á fjögurra ára fresti. Styrk vegna sjúkranuðs og sjúkraþjálfunar er breytt úr 900 kr. fyrir hvert skipti í styrk sem svari til 80% af niðurgreiðslu Tryggingarstofnunar. Í dag nemur þessi niðurgreiðsla 1.740 kr. þannig að styrkur RSÍ hækkar í 1.392 kr. fyrir hvert skipti.

**Styrktarsjóður RSÍ – aukin tryggingavernd.** Í vetur hafa farið fram viðræður milli RSÍ, Matvís; Bókagerðarmanna og nokkurra félaga innan Samiðnar um starfsemi styrktarsjóða þeirra og möguleika á samstarfi eða sameiningu þeirra. Lífeyrissjóðir þessara aðila hafa komið að viðræðunum, sem hafa haft að aðalmarkmiðum eftirtalin atriði:

- Efla starfsemi styrktarsjóða og auka þá tryggingavernd sem þeir veita.
- Tengja bótarétt styrktarsjóða og lífeyrissjóða betur saman.
- Auka vitund sjóðfélaga um bótarétt sinn vegna lífs og heilsu og aðstoða við heildar tryggingalausnir í þeim efnum.
- Treysta samband verkalýðsfélaga og félagsmanna.
- Fjölga sjóðfélögum í séreignarsparnaði lífeyrissjóðanna.

Í þeim könnunum sem gerðar hafa verið með aðstoð tryggingafræðings hefur komið í ljós að hægt er að gera betur en núverandi sjóðir gera. Með markvissum aðgerðum í fjármálum styrktarsjóðanna, bæði í rekstri og ávöxtun ætti að vera hægt að ná því marki að greiða út í styrki allt að 80 % af iðgjaldatekjum án þess að skerða tryggingahæfni þeirra. Styrktarsjóður RSÍ hefur til þessa miðað við að um 50% af iðgjöldum sé varið til styrkja.

Undirbúningshópurinn hefur beint því til félagana að taka þessi mál til umræðu, en á þessari stundu er ekki hægt að spá fyrir um til hvers þessar viðræður leiða.

## Lífeyrissjóðurinn Lífiðn

	2005	2004	2003	2002	2001
Ellilífeyrir	189.260.028	164.234.982	138.362.580	109.818.974	90.378.008
Örorkulífeyrir	111.463.814	93.566.713	90.520.148	64.956.599	53.876.987
Makalífeyrir	46.201.839	40.777.444	38.875.235	34.233.919	29.890.886
Barnalífeyrir	7.500.619	6.620.471	5.475.066	4.799.869	3.744.140
Samtals:	354.426.300	305.199.610	273.233.029	213.809.361	177.890.021

Hrein eign til gr. lífeyris	33.447.367.190	27.249.423.571	22.826.729.365	19.018.917.261	18.151.494.342
Sjóðfélagalán	3.397.170.658	3.643.411.312	3.721.243.344	3.311.820.494	2.796.315.227
Innkomin iðgj	2.021.896.165	1.671.975.266	1.616.903.769	1.482.057.573	1.480.556.250

Lífiðn er tíundi stærsti lífeyrissjóður landsins. Eignir hans eru rúmlega 33 milljarðar, og jukust þær um tæplega 23% á síðasta ári. Á árinu greiddu 5.242 einstaklingar til sjóðsins örlítið fleiri en árið áður. Iðgjaldatekjur jukust um 21% og námu 2.022 milljónum í árslok. Samtals eiga 12.889 einstaklingar réttindi hjá sjóðnum. Á liðnu ári greiddu 1.332 launagreiðendur til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.

Í mjög athyglisverðri skýrslu SA um lífeyrissjóðakerfið kemur fram að Lífiðn er með yfirburðastöðu í samanburði við aðra lífeyrissjóði. Á árinu 2004 eru það tveir lífeyrissjóðir sem eiga fyrir skuldbindingum Lífeyrissjóður Vestfjarða á um ½% og Lífiðn tæp 4%.

Það vantar verulega á að aðrir sjóðir eigi fyrir skuldbindingum. Það er athyglisvert þar sem aðrir lífeyrissjóðir hafa skert réttindi verulega, allt upp í 20%, á meðan Lífiðna einn sjóða skerti ekkert. Þar til viðbótar fengu sjóðsfélagar annarra sjóða ekki bætt réttindi við auknar inngreiðslur sem komu í síðustu kjarasamningum á meðan þær jukust hjá Lífiðn.

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá stofnun er 5,6%. Hrein raunávöxtun sjóðsins á árinu 2005 var jákvæð um 11,28%. Erlendir jafnt sem innlendir verðbréfamarkaðir voru hagstæðir á árinu eins og á árinu 2004. Styrking á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hafði neikvæð áhrif á afkomu erlendra verðbréfa á árinu.

Starfsmenn Lífiðnar eru 8 og meðalstöðugildi 8. Miklar breytingar hafa orðið í rekstri lífeyrissjóða. Öflugra eftirlit er komið á til að fylgjast með því að allir greiði í lífeyrissjóð, og fylgja skattayfirvöld því eftir.

Stjórn sjóðsins er skipuð eftirfarandi mönnum. Haraldur Jónsson varaformaður, Þórir Hermannsson og Niels S. Olgeirsson fyrir launamenn og Tryggvi Guðmundsson formaður, Arnbjörn Óskarsson og Sveinn Jónsson fyrir atvinnurekendur. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Ólafur Sigurðsson.

Hlutverk Lífiðnar er að tryggja öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna, í framtíðinni. Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum sínum eftirlauna- og örorkulífeyri og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga. Hjá sameignarsjóðum gerir enginn kröfur um útgreiðslu arðs, heldur renna öll iðgjöld til uppbyggingar lífeyrisréttinda. Enginn hagnast á rekstri sjóðsins aðrir en sjóðfélagar. Stefna Lífiðnar hefur verið að auka þjónustu á sviði heilsu- og líftrygginga og fyrsta skrefið í því var að stofna séreignarsjóð sem valkost fyrir þá sem vilja leggja meira fyrir í lífeyrissjóð en því sem nemur skylduðgjaldi. Lífiðn hefur boðið allt að 10 sparnaðarleiðir í séreign, en á árinu 2005 var þeim fækkað í fjórar. Ættu allir að geta fundið hentuga sparnaðarleið hjá sjóðnum eftir sem áður

**Tryggingastaðan** Tryggingastaða lífeyrissjóða segir til um hversu vel sjóðirnir eru í stakk búnir til að standa við skuldbindingar sínar og er tryggingastaða Lífiðnar afar traust. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt eru eignir Lífiðnar 6,7% meiri en heildarskuldbindingar og er það með því betra sem sést hjá lífeyrissjóðum almennt. Eignasamsetning Lífiðnar hefur ásamt breytingu í aldurstengt réttindakerfi valdið því að sjóðurinn er með mjög trausta stöðu þrátt fyrir nokkur erfið ávöxtunarár í fortíðinni.

Niðurstaða úttektarinnar staðfestir það að tryggingastaða Lífiðnar í dag er mjög sterk. Lífiðn er einn af fáum sjóðum landsins sem á eignir umfram heildarskuldbindingar og nemur umframeignin 3,9 milljörðum króna eða 6,7% umfram skuldbindingar.

#### Sundurliðun tryggingafræðilegrar athugunar í milljónum króna:

	Áfallin- skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
<b>Eignir</b>			
Hrein eign	32.677		32.677
Fjárfestingargjöld	-962		-962
Núvirði verðbréfa	1.032		1.032
Núvirði framtíðariðgjalda		30.070	30.070
<b>Eignir samtals</b>	<b>32.747</b>	<b>30.070</b>	<b>62.817</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir	22.583	21.977	44.560
Örorkulífeyrir	2.563	3.054	5.617
Makalífeyrir	3.837	3.313	7.150
Barnalífeyrir	38	403	440
Rekstrarkostnaður	357	723	1.080
<b>Skuldbindingar samtals</b>	<b>29.378</b>	<b>29.470</b>	<b>58.848</b>
<b>Eignir umfr. skuldbindingar</b>	<b>3.369</b>	<b>600</b>	<b>3.969</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum</b>	<b>11,5%</b>	<b>2,0%</b>	<b>6,7%</b>

Með nýjum kjarasamningum hefur sveigjanleiki aukist til greiðslu í séreignarsjóði og hafa margir nýtt sér það hjá Lífiðn. Sameignarsjóðum ber samkvæmt lögum um lífeyrissjóði að tryggja fólki 56% af meðalmánaðarlaunum í mánaðarlegan lífeyri þegar eftirlaunaaldri er náð, og gerir Lífiðn raunar betur en það við sína sjóðfélaga. En það segir sig sjálft að vilji fólk halda svipuðum lífsstíl eftir að taka eftirlauna hefst, verður það að auka við séreignarsparnaðinn svo það megi nást. Það sem gerir séreignarsparnað sérlega hagstæðan er bæði skattfrestun á iðgjaldi og ekki síður mótframlag launagreiðenda, sem er 2% á móti að lágmarki 2% framlagi launþega.

**Niðurlag.** Í skýrslu um starfsemina er að sjálfsögðu ekki hægt að gera grein fyrir öllum málefnum sem unnið er að, heldur eru aðeins nefnd helstu verkefnin. Skýrslan ber merki þess að RSÍ er öflugt landsamband sem er skipulagt þannig að kjarasamningar, styrktarsjóður, orlofshús og starfsmenntakerfi er rekið með sameiginlegum hætti. Það hefur reynst okkur rafiðnaðarmönnum ákaflega vel, við höfum komið mörgu í verk sem hefur reynst öðrum stéttarfélögum um megn. Nauðsynlegt er að birta ítarlegar skýrslur svo þeir félagsmenn sem ekki komast til aðalfundar, eigi þó kost á því að kynna sér til nokkurrar hlítar starfsemina. Á tímum tölvupósts hefur geymsla upplýsinga á pappír snarminnkað. Hætt er við að það geti vafist fyrir sagnfræðingum framtíðarinnar að lesa úr fortíðinni, þ.e. þeim tímum sem við lifum á núna. Ítarlegar skýrslur eru m.a. hugsaðar sem geymsla á sögu RSÍ til framtíðar.

**Guðmundur Gunnarsson, apríl 2006**